

FUNDARGERÐ

326. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 19. maí 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefni framundan
3. Ríkisendurskoðun
4. Flutningsjöfnun
5. Rekstur
6. Samráð
7. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 325. fundar stjórnar var samþykkt með breytingum. Var BSB og EM falið að koma breytingunum í endanlegan búning og að því loknu yrði fundargerðin send til rafrænnar undirritunar stjórnarmanna.
2. Ákveðið var að fundarritara yrði gert að senda öllum stjórnarmönnum afrit af fundargerðardrögum um leið og þær yrðu sendar stjórnarformanni og framkvæmdastjóra.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman upplýsingar um hvernig ráðstöfunaraðilar eru skráðir hjá sjóðnum.

4. Ákveðið var að fela ÓK að bjóða fram þátttöku í fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga um innkaup hinn 31. maí 2022 í því skyni að kynna stöðu vinnu við innleiðingu ákvæða laga nr. 103/2021.
5. Ákveðið var að stjórn mundi halda aukafund hinn 25. maí 2022 og fjalla þar um mál sem fresta þurfti á líðandi fundi.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:38

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 325. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs.

EM lagði til breytingar á umfjöllun um samantekt ákvarðana og 2. og 4. dagskrárliði og voru þær samþykktar. ÁKVEÐIÐ var að fela BSB og EM að ganga frá orðalagi breytinganna áður en fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar. Að öðru leyti voru gerðardrögin SAMÞYKKT.

ÁKVEÐIÐ var að fundarritara yrði gert að senda öllum stjórnarmönnum afrit af fundargerðardrögum um leið og þær yrðu sendar stjórnarformanni og framkvæmdastjóra.

2. Verkefni framundan

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað.

3. Ríkisendurskoðun

Á rafrænni stjórnargátt lá skjal með fyrirsögnina *Tillögur til úrbóta í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar Úrvinnslusjóðs*. Fyrir fundinn höfðu stjórn verið send drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar ásamt umsagnarbeiðni um leiðbeiningum.

ÓK kynnti stjórn efni skjalsins, þ. á m. drög að viðbrögðum við einstökum þáttum draga Ríkisendurskoðunar að tillögum. Stjórn ræddi drögin. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman upplýsingar um hvernig ráðstöfunaraðilar eru skráðir hjá sjóðnum.

ÓK vék af fundi kl. 09:11 og stjórn ræddi skýrsludrögin án framkvæmdastjóra.

4. Flutningsjöfnun

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað.

5. Rekstur

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað.

6. Samráð

MJ gerði stjórn grein fyrir fundi MJ, LÓ og ÓK með formönnum Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Ísland og Neytendasamtakanna þar sem rætt var um mögulegt fyrirkomulag samráðs um starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Stjórn ræddi máli og var lýst ánægju með að samtalið væri hafið. Var m.a. rætt um hvort samráðið þyrfti að vera víðtækara.

ÁKVEÐIÐ var að fela ÓK að bjóða fram þátttöku í fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga um innkaup hinn 31. maí 2022 í því skyni að kynna stöðu vinnu við innleiðingu ákvæða laga nr. 103/2021. Jafnframt var rætt um möguleika á að ÓK mundi taka þátt í sértækari og lengri fundi á Teams með fulltrúum sveitarfélaga.

MJ benti á að stjórn þyrfti að koma tillögum um breytingar á úrvinnslugjaldi til ráðherra fyrir sumarleyfi.

8. Önnur mál

ÁKVEÐIÐ var að stjórn mundi halda aukafund hinn 25. maí 2022 og fjalla þar um mál sem fresta þyrfti á líðandi fundi.

Fleira var ekki gert á 326. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:10.